Breiðamýrarholt.

Jörðin er aflýli úr Holti frá því snema á 17. öld, en skráð landamerki hafa ekki fundist. Jörðin virðist að hafa verið í enka eign þar til 1938 að Jarðakaupasjóður ríkisins kaupir hana af erfingjum Jóns Einarssonar í Mundakoti, en Holtsbøndur keyptu hana af Jarðeignadeildinni 1957 og gerðu að ottaróðali. Þeir lögðu þungað veg, 800 m, og þar er nú 10 ha tún og 15 ha framræst tilbúið til ræktunar. Þetta var aldrei lífvænlegt býli, heima engjar of litlar og „mýrin" (Breiðamýri) svo votlend að þaðan náðist ekki baggi í vætutíð. Jörðin fór í eyði 1946 og húsin rifin litlu síðar.

Síðustu ábúendur þar, 1942–1946, voru hjónin Guðmundur Eggertsson og Margrét Jónsdóttir

Fasteignamat 1977: Jörð 805 þúsund

Ábúendur Áður: | Fm. 1861: 10.72 hundr.

1876–1905 Þorsteinn Þorsteinsson og Guðlaug Stefánsdóttir

1905–1915 Stefán Þorsteinsson og Vigdís Gestsdóttir

1915–1935 Guðmundur Tiríksson og Þóra Jónsdóttir

1936–1938 Guðmundur Einarsson og Sigríður Guðmundsd.

1938–1941 Guðmundur Einarsson og Steinunn Guðleifsd.

7435
A-4